

BORGARRÁÐ 20. janúar 2022: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um aðhaldskröfu á stjórnendur SORPU bs. – MSS22010224

Í byrjun árs 2022 er boðuð 31% hækkun á gjaldskrá SORPU. Það er viðbót við ársgamla hækkun upp á um 24%. Ýmsar ástæður liggja sjálfsagt á bak við slíka ákvörðun og er það ekki efni fyrirspurnar. Í ljósi svo mikilla hækkana er spurt hvort að jafnframt hafi verið sett fram aðhaldskrafa á stjórnendur SORPU. Slíkt er ekki að sjá ef að fréttir um SORPU eru réttar. Þar er talað um að ráðnir hafi verið inn 3 nýir sérfræðingar hjá SORPU, sérfræðingur í fræðslu og miðlun, verkefnisstjóri hringrásarhagkerfis og verkefnisstjóri á skrifstofu framkvæmdastjóra. Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir því að lögð verði fram skýrsla sem útskýrir hvers vegna þörf er á þessum stöðugildum, sérstaklega þegar haft er í huga að fyrir eru hjá fyrirtækinu samskipta- og þróunarstjóri, sérfræðingur í öryggis- og gæðamálum, sérfræðingur í sjálfbærni og innkaupa- og verkefnisstjóri auk mannauðsstjóra. Einnig er spurt: Hefur stjórnarformaður SORPU og stjórn kynnt sér hvernig þessum málum er háttað hjá öðrum stórum úrgangsmeðhöndlurum og hvort þessi verkefni séu eins mannfrek þar?